

## Ályktun 42. þings BSRB um alþjóðamál

Vægi alþjóðlegs samstarfs verkalýðshreyfingarinnar hefur aldrei verið mikilvægara en nú. Í ríkjandi fjármálakreppu stendur heimurinn og þar með verkalýðshreyfingin á krossgötum. Með hruni hinnar óheftu markaðshyggju hafa skapast ný sóknarfæri fyrir verkalýðshreyfinguna til að hrinda í framkvæmd hugsjónum sínum um réttlátara þjóðfélag, byggt á jöfnuði og samstöðu. Þetta tækifæri verður að grípa – að öðrum kosti getur svo farið að nýfrjálshyggjunni muni takast að eflast á ný.

Mikilvægt er að efla enn frekar samstarf við systursamtök BSRB á Norðurlöndum, við Evrópusamband starfsfólks í almannajónustu (EPSU) og á alþjóðavísu innan PSI. Leggja ber áherslu á miðlun upplýsinga um þessi samskipti. Þá hvetur BSRB til samstöðu og samvinnu við óháð félög og almannasamtök sem láta til sín taka á vettvangi mannréttindamála og almannahagsmuna.

Í ljósi fyrirhugaðra aðildarviðræðna um inngöngu Íslands í Evrópusambandið (ESB) hvetur þing BSRB stjórnvöld til að tryggja lagaramma almannajónustunnar. Mikilvægt er að hann verði nægilega traustur til að veita vernd gegn markaðsvæðingu og einnig að hugað sé að því hvernig verja megi rétt íslenskra stjórnvalda til að haga og skilgreina opinbera almannajónustu.

BSRB tekur undir þá niðurstöðu áttunda þings Evrópusambands starfsfólks í almannajónustu (EPSU) sem haldið var í júní sl. að öflug almannajónusta sé lykillinn að því að þjóðir Evrópu komist undan afleiðingum kreppunnar með sem minnstum skaða. Auknar fjárfestingar í almannajónustu, sem og í verkefnum á vegum hins opinbera, koma öllum vel, styrkja efnahagslífið, draga úr misrétti og ýta á eftirspurn eftir vinnuafli. BSRB tekur undir þá gagnrýni EPSU að framkvæmdastjórn ESB hafi ekki tekið mið af þessum sjónarmiðum. BSRB styður því kröfu EPSU að stofnanir ESB endurskoði afstöðu sína til hlutverks opinberrar þjónustu við enduruppbyggingu evrópsks efnahagslífs.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til aðstoðar fátækum þjóðum. Vísast þar ekki eingöngu til beinnar þróunaraðstoðar. Stuðla þarf að breytingum á hinu alþjóðlega efnahagskerfi og móta nýtt sem tekur ekki markaðslaunsir fram yfir grundvallarmannréttindi og öfluga almannajónustu. Efla ber samstarf opinberra aðila landa á milli, t.d. í málefnum vatnsveitna. BSRB beinir því til stjórnvalda að kanna þá möguleika sem Íslendingar hafa til að veita aðstoð á þeim vettvangi.

42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur í alþjóðamálum:

- Að samtök launafólks fylgist grannt með ríkjandi alþjóðavæðingu og vinni að því að beina henni í farveg sem þjónar hagsmunum almennings.
- Samstarf við systursamtök BSRB verði eflt.
- Tryggt verði að lagarammi almannajónustunnar sé nægilega traustur til að veita vernd gegn markaðsvæðingu.
- Stuðla þarf að breytingum á hinu alþjóðlega efnahagskerfi og móta nýtt sem tekur ekki þarfrir markaðarins fram yfir grundvallarmannréttindi og öfluga almannajónustu.